

Reykjavík, 26. október 2023

Til Fjárlaganefndar Alþingis.

Umsögn frá Heyrnar- og talmeinstöð Íslands um fjárlagafrumvarp 2024.

Ágæta nefndarfólk Fjárlaganefndar.

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands óskar eftir að gera eftirfarandi umsögn um Fjárlög 2024:

Stofnunin vill vekja athygli á því að HTÍ er eina heilbrigðisstofnun íslenska heilbrigðiskerfisins sem sinnir þúsundum heyrnarskertra og heyrnarlausra Íslendinga sem og fjölmörgum viðkvæmum hópum barna og fullorðinna með talmein og málþroskaraskanir.

Þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnar við framlagningu Fjárlagafrumvarps 2024 um að staðinn yrði vörður um framlínubjónustu í heilbrigðiskerfi sjáum við þess engin merki hvað varðar þá umfangsmiklu starfsemi sem HTÍ annast.

Stofnunin býr við afar slæmar aðstæður í löngu úreltu húsnæði sem engan veginn er boðlegt nútíma heilbrigðisstofnun, stórkostlega manneklu og fjárskort. Þrátt fyrir árviss loforð um úrbætur og aukið fjármagn hafa fjárveitingar í raun verið skornar niður markvisst um langt árabíl. Stöðugildi hafa haldist óbreytt í tvo áratugi á meðan eftirspurn eftir þjónustu hefur margfaldast með fjölgun og öldrun þjóðar.

Þjónusta hefur þ.a.l. verið skorin niður í sífellu og er löngu komið að þolmörkum. Nú eru rúmlega 2100 manns á biðlistum eftir þjónustu HTÍ, börn, ungmenni, fullorðnir og aldraðir.

Fjárveitingar duga ekki fyrir núverandi launakostnaði hvað þá fjölgun stöðugilda. Stofnuninni er ætlað að kosta allan annan rekstrarkostnað með sértekjum sem rýrna þó ár frá ári sökum manneklu og úreltra laga og reglugerða sen snúa að þjónustu HTÍ.

- Frá fjárveitingu skal HTÍ draga hallarekstur fyrra árs og þá standa eftir fjármunir sem munu þýða nðurskurð um 3 stöðugildi og þá er sjálfhætt allri þjónustu við landsbyggðina (þegar hefur verið lokað fyrir móttökur á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og ekki hefur verið hægt að halda úti rekstri ferðastöðvar sem áður heimsótti helstu þéttbýlisstaði). Einnig þarf að leggja niður önnur mikilvæg svið, hætta kennslu við Háskóla Íslands, starfsþjálfun nema ofl.o.fl.
- Engin merki eru um fjármuni í tillögum til fjárlaga 2024 til að leysa úr húsnæðisvanda HTÍ, sem hefur verið í sama húsnæði allt frá stofnun eða í tæp 50 ár, úrelt og slitið og uppfyllir enga staðla byggingarreglugerða nútímans, hvað þá kröfur til heilbrigðisstofnana. Í 8 ár hefur HTÍ verið lofað að tryggja flutning í nýtt og viðunandi húsnæði en engar efndir orðið á til þessa.

- Ítrekað hefur heilbrigðisráðuneyti verið bent á að kostnaður við rekstrarþætti s.s. húsnæði, aðkeypta sérfræðipjónustu og aðföng, túlkapjónustu o.fl. hefur vaxið um 20-70% síðustu 3 ár og ómögulegt að kljúfa þann kostnað án viðbótarfjármagns. En framlög hækka max 2% milli ára.
- Kostnaður vegna umsjónar og framkvæmda kuðungsígræðsluaðgerða (cochlear implants) færast yfir til HTÍ og Landspítala frá og með jan 2024. Engir fjármunir eru eyrnamerkir eða birtast á Fjárlögum. Kuðungsígræðslur eru með arðbærustu inngripum sem heilbrigðiskerfið ræðst í og nú eru 150 ígræðsluþegar hér á landi og bætast 6-10 einstaklingar við árlega. Við gerum kröfu um að kostnaður og mönnun HTÍ vegna ævilangrar umönnunar þessa hóps sé viðurkenndur og fjármagnaður með framlögum ríkisins.
- Engin merki sjást um fjármögnun á tillögum um menntun í heyrnartengdum fræðum sem HTÍ hefur undirbúið og samið um við erlenda og innlenda háskóla og verkmenntaskóla. Fimmfalda þarf fjölda heyrnarfræðinga og heyrnartækna til að standa jafnfætis Norðurlöndum.
- Fjárveitingar til fjárfestinga HTÍ, 8,5 M kr duga mögulega fyrir nokkrum tölum og endurnýjun einhverra innanstokksmuna en stöðin hefur þurft að afpanta t.d. nýja heyrnarmæliklefa og sníkja megnið af lækningatækjum frá góðgerðarsamtökum. Endurnýjun ferðastöðvar= 0 kr.
- Nær óskiljanlegt er að Fjármála- og efnahagsráðuneyti gefi sér enn og aftur að hægt sé að auka sértekjur stofnunarinnar (í tillögum að Fjárlögum alls 300 M króna eða hækku um 10%). Hvaða útselda þjónustu á að hækka? Raun-sértekjur 2023 verða í besta falli 70 M króna ! Hvaðan fá fjármálayfirvöld upplýsingar um tekjumöguleika HTÍ ? Ekki frá stofnuninni og varla frá heilbrigðisráðuneyti sem er fullkunnugt um þessa skekkju.
- Starfsólk hefur hlaupið hraðar, skorið niður allar ferðir og starfsþróunarkostnað og aukið afköst eftir megni en síðustu misseri hafa veikindi og fjarvistir aukist hratt. Fólk er búið að fá nóg.

Forsvarsmenn Heyrnar- og talmeinaastöðvar óska eftir því að fá að hitta Fjárlaganefnd til að skýra nánar athugasemdir okkar við framlög ríkisins til starfsemi sem lýtur að velferð þúsunda Íslendinga.

Virðingarfyllt,

Kristján Sverrisson, forstjóri
Heyrnar- og talmeinaastöð Íslands